

Alþingi  
Erindi nr. Þ 131/488  
komudagur 6. 12. 2004  
11/4



Nefndasvið Alþingis  
umhverfisnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

3. desember 2004

Skjalanúmer: 54.0

Tilvísun: UST20041100102/KG

### Tillaga til þingsályktunar um forræði yfir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, 16. mál


Vísað er til erindis umhverfisnefndar, dags. 16. nóvember sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um forræði yfir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, 16. mál.

Umhverfisstofnun telur afar áriðandi að gengið sé frá heildstæðri áætlun um nýtingu, þ.m.t. verndun, alls vatnsafls og jarðvarma landsins þar sem allir þættir eru vegnir og metnir. Slík áætlun hljóti síðan málsmeðferð skv. 11. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Heildstæð landsáætlun sem leggur grunn að öðrum skipulagsáætlunum styrkir aðra áætlunargerð og skipulag uppbyggingar s.s. samgangna, ferðaþjónustu, á aðstöðu fyrir ferðamenn, atvinnustarfsemi, landgræðslu og margvíslega þjónustu sveitarfélaga.

Umhverfisstofnun telur óheppilegt að eitt atvinnumálaráðuneyti s.s. iðnaðarráðuneytið hafi umsjón með máli þar sem margvíslegir hagsmunir hinna ýmsu atvinnuvega geta rekist á. Stofnunin bendir á að í samræmi við varúðarviðmiðanir Dagskrár 21 og sjálfbæra þróun sé eðlilegt að hafa að útgangspunkti að öll vatnsföll og jarðhitasvæði séu mikilvæg til varðveislu og verndar. Með samanburði milli mismunandi kosta er hins vegar hægt að taka frá ákveðin svæði til orkuöflunar eða annarrar nýtingar. Í samræmi við framangreind viðmið telur stofnunin því eðlilegt að rammaáætlun heyri undir umhverfisráðuneytið sem yfirvald skipulagsmála og umhverfisverndar. Jafnframt leggur Umhverfisstofnun áherslu á að niðurstöður áætlunarinnar hljóti viðtæka umfjöllun á Alþingi.

Virðingarfyllst,

  
Arni Bragason  
staðgengill forstjóra

  
Sigurbjörg Gísladóttir  
forstöðumaður

Afrit: Umhverfisráðuneytið